

**61. fundur fulltrúaráðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga
haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík
23. nóvember 2001**

– Útskrift úr fundargerðabók –

Ár 2001, föstudaginn 23. nóvember kl. 9.30, var 61. fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga haldinn í Ársal á 2. hæð Hótel Sögu í Reykjavík.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins, setti fundinn með ræðu. Hann kynnti meginverkefni fundarins. Hann nefndi einkum byggðamál og gerði síðan grein fyrir nokkrum málum sem voru til meðferðar í sameiginlegum nefndum sambandsins og ráðuneyta. Tiltók hann sérstaklega verkefni verkaskiptanefndar, nefndar sem fjallar um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, nefndar sem endurskoðar lög og reglugerðir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og starfshóps sem leggja skal fram tillögur um hvernig unnt sé að meta fjárhagsleg áhrif laga og annarra stjórnvaldsákvarðana á fjárhag sveitarfélaga. Þá gerði hann grein fyrir nokkrum málum sem væru til umræðu milli fulltrúa sambandsins annars vegar og forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra hins vegar um ýmis fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, s.s. framlög vegna breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts, framlög vegna einsetningar skóla, húsaleigubætur og fráveitumál. Ennfremur áhrifum frumvarps til laga um skattalagabreytingar, s.s. skattfrelsi húsaleigubóta, hækkun tryggingargjalds og lækkun tekna jöfnunarsjóðs vegna skattalækkana sem fyrirhugaðar væru. Loks væri til umræðu við stjórnvöld félags-lega húsnæðiskerfið og framhald á greiðslu sérstaka framlagsins til sveitarfélaga sem búa við vanda vegna fólksfækkunar.

Þá ræddi formaður frestun þá sem orðið hefur á yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, verkefni samstarfsnefndar landshlutasamtaka sveitarfélaga og stjórnar sambandsins og stöðu kjarasamningagerðar launanevndar og Félags tónlistarkennara.

Í lokaorðum lagði formaður áherslu á að helsta viðfangsefni stjórnvalda ætti að vera að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið. Mestu skipti í þeim efnum sameining sveitarfélaga, ábyrg og markviss stjórnun fjármála, vönduð stjórnsýsla og skýr stefnumörkun til framtíðar.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Auk formanns var Sigríður Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg, kosin fundarstjóri og sem fundarritari Unnar Stefánsson, ritstjóri Sveitarstjórnarmála.

3. Kosning fulltrúaráðsmanns og aðalmanns í stjórn

Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, var kosinn í fulltrúaráð sambandsins og aðalmaður í stjórn þess í staðinn fyrir Sigurð R. Ólafsson,

bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ, sem misst hafði kjörgengi sitt vegna brottflutnings úr sveitarfélaginu.

4. Kosning fjárhagsnefndar

Í fjárhagsnefnd fundarins hlutu kosningu Bragi Michaelsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, formaður, Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Herdís Á. Sæmundardóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Jónas Jónsson, oddviti Ásahrepps, Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps.

5. Skipulag og starfsemi sambandsins, fjárhagsáætlun 2002 og rammafjárhagsáætlun fyrir árin 2003 til 2005

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri sambandsins, gerði grein fyrir skipulagi og starfsemi sambandsins og kynnti fjárhagsáætlun þess fyrir árið 2002 og rammaáætlun 2003–2005, sem voru til afgreiðslu á fundinum.

Sérstaklega kynnti framkvæmdastjóri nýtt skipurit og starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2002.

Fjárhagsáætluninni og rammaáætluninni var að lokinni kynningu framkvæmdastjóra vísað til fjárhagsnefndar fundarins.

6. Lög um reynslusveitarfélög, framkvæmdin á gildistíma laganna, framhald reynslusveitarfélagaverkefnisins

Sigríður Stefánsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs, Akureyrarbæ, og **Anna Guðrún Björnsdóttir**, sviðsstjóri á þróunarsviði sambandsins, fulltrúar sambandsins í verkefnisstjórn reynslusveitarfélagaverkefnisins, gerðu grein fyrir framkvæmd reynslusveitarfélagaverkefnisins. Þær röktu upphaf og þróun verkefnisins, fundahöld með reynslusveitarfélögunum, áfangaskýrslur, úttekt á því í einstökum sveitarfélögum og lýstu markmiðunum sem sett voru með því, reynslu og lærdómi þeim sem af verkefninu megi draga. Lögin um reynslusveitarfélög renna út um næstu áramót og þær vörpuðu fram spurningu hvað tæki við þá. E.t.v. þjónustusamningar við einstök sveitarfélög um tiltekin verkefni; þá kæmi til greina að setja á stofn þróunarnefnd með fulltrúum sambandsins og félagsmálaráðuneytisins, ráðgefandi fastanefnd sem fylgdist með nýsköpun og þróunarverkefnum í sveitarfélögunum og meti reynsluna af þeim og vinni að því að greiða fyrir nýsköpun og þróun í stjórnarsýslu og þjónustu sveitarfélaga.

Formaður þakkaði þeim Sigríði og Önnu Guðrúnu vel unnin störf í stjórn reynslusveitarfélagaverkefnisins.

7. Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, störf fráveitunefndar

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, flutti erindi um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og störf fráveitunefndar. Fjallaði hann um lög nr. 53/1995, um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélögin vegna fráveituframkvæmda en samkvæmt reglugerð skal þeim framkvæmdum lokið fyrir árslok 2005 og er það í samræmi við skuldbindingar í EES-samningnum. Til þessa hafa endurgreiðslur ríkisins vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaganna aldrei numið 200 millj. króna á ári eins og lögin gera ráð fyrir sem hámarki enda hafa framkvæmdirnar farið hægar af stað en búist hafði verið við. Framkvæmdir sveitarfélaganna í ár eru á hinn bóginn

miklu meiri en áður og kalla á um 350 millj. króna endurgreiðsluframlag ríkissjóðs á næsta ári. Skipta þar mestu máli framkvæmdir í Reykjavík.

8. Bruna- og mengunarslysavarnir, fjárstuðningur við sveitarfélög

Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri flutti framsögu um bruna- og mengunarslysavarnir. Hann kynnti auknar kröfur í lögum og reglugerðum sem sveitarfélög verði að mæta með samvinnu og samnýtingu. Ennfremur kynnti hann leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlana sveitarfélaga svo og reglur um úthlutun tímabundins fjárstuðnings til sveitarfélaga sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Kvað hann sveitarfélög eiga kosta á fjárframlögum á árunum 2001 til 2005 til samvinnuverkefna til að gera úttekt á stöðu slökkviliða, til að koma á samvinnu um rekstur eldvarnaeftirlits, til búnaðar til að bregðast við mengunarslysum og til ýmissa annarra samvinnuverkefna slökkviliða. Að lokum kvað hann aðstoð sambandsins við að koma samstarfsmálum sveitarfélaga á sviði brunavarna í betra horf vel þegna.

Umræður

Gefinn var kostur á umræðum um tvö síðustu framsöguerindin.

Skarphéðinn Guðmundsson kvaddi sér hljóðs, taldi ríkið þurfa að koma miklu meira að fjármögnun fráveituframkvæmda sveitarfélaga og taldi einsýnt að fundurinn léti frá sér heyra um það efni í formi ályktunar.

9. Kynning á störfum nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum

Una María Óskarsdóttir, verkefnisstjóri ríkisskipaðrar nefndar sem komið var á fót á árinu 1998 samkvæmt þingsályktun um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnámálum, skýrði frá skipan nefndarinnar og störfum hennar. Nefndin er skipuð fulltrúum þingflokka og að auki fulltrúum frá Jafnréttisstofu og Kvenréttindafélagi Íslands. Störf hennar hafa verið fólgin í gerð og birtingu auglýsinga, útgáfu bæklinga þar sem lögð er áhersla á það að auka hlut kvenna í stjórnámálum og gerð myndbands sem hún sýndi hluta úr á fundinum. Hún sýndi yfirlit um fjölgun kvenna í sveitarstjórnnum hér á landi milli árána 1950 og 1998 og bar saman hlutdeild kvenna í sveitarstjórnnum hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Hún kvað nefndinni vera kappsmál að auka hlutdeild kvenna í sveitarstjórnnum og víðaði þá hugmynd að sambandið kæmi að útgáfu bæklinga um sveitarstjórnarstörf sem ætlað yrði að hvetja konur til starfa á vettvangi sveitarfélaganna. Ennfremur að sambandið og launanevnd þess láti endurskoða laun og starfsaðstöðu sveitarstjórnarmanna með það fyrir augum að vinnuumhverfi þeirri hentaði betur konum.

Hádegisverðarhlé

Hádegisverðarhlé var gert milli kl. 12.15 og 13.30.

10. Byggðamál

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, flutti erindi um byggðamál. Hún kynnti nýja byggðaáætlun sem væri í mótun í iðnaðarráðuneytinu og koma eigi til framkvæmda í upphafi næsta árs. Taldi hún brýnt að viðtæk sátt og

samstaða náist í þjóðfélaginu um stefnumörkun og aðgerðir í byggðamálum. Vísaði hún til tillagna byggðanefndar sambandsins, lýsti ánægju með tillögur hennar, m.a. um sameiningu sveitarfélaga, og taldi að öflugri sveitarfélög væru ein meginforsenda þess að hægt yrði að snúa vörn í sókn í byggðarlögum víða um land. Ennfremur kynnti hún efni frumvarps til laga um raforkumál sem lagt yrði fyrir Alþingi næstu daga.

Umræður

Í umræðu um byggðamál tóku til máls **Helga Þorbergsdóttir**, sem skýrði frá tilraun til að fá hluta Náttúrufræðistofnunar fluttan til Víkur í Mýrdal og til að flytja ný verkefni til sýslumannsembætta sem höllum fæti standa, **Valgerður Hilmarsson** ræddi nauðsyn þess að efla sveitarfélögin með sameiningu sem þátt í byggðastefnu og **Ríkharð Brynjólfsson** m.a. fjarvinnslu, **Gunnar Sigurðsson** um flutningsjöfnunarsjóð og Sementsverksmiðjuna á Akranesi og **Ásgeir Logi Ásgeirsson** um fjarvinnslu. **Gísli Gunnarsson** ræddi raforkumál, m.a. verðlagningu Orkubús Vestfjarða sem ríkið hafi nýlega keypt og hins vegar Rafveitu Skagafjarðar sem Rarik væri að kaupa. **Reinhard Reynisson** ræddi erfiðleika í atvinnumálum sjávarþorpa og það sem hann kallaði markaðsvæðingu samfélagsins. Hann kvað aðgerðir ríkisvaldsins þeim til stuðnings máttvana, „Það gagnar lítið að höggva fæturna undan mönnum og bjóða þeim svo hjólastól“, sagði hann. **Helga Jónsdóttir** ræddi um flutning stofnana og fjölskyldna starfsmanna þeirra.

Valgerður Sverrisdóttir svaraði fyrirspurnum og tjáði sig frekar um ýmis efni sem borið hafði á góma. Hún svaraði Gísla Gunnarssyni á þá lund að mat á Orkubúi Vestfjarða hefði að sínum dómi mótast af sérstökum aðstæðum og væri nokkuð frjálstlegt en mat á Rafveitu Skagafjarðar væri að sínum dómi raunhæft.

Fundarstjóri þakkaði Valgerði framsöguerindið og þátttökuna í umræðunum, en ráðherra hvarf síðan af fundi.

11. Tillögur byggðanefndar sambandsins

Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri Seltjarnarneskaupstaðar og formaður byggðanefndar sambandsins, gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar. Hann lýsti skipan nefndarinnar og verkefni hennar og sýndi á glærum byggðarþróun á einstökum svæðum 1989–1999, breytingar á fólksfjölda á þeim svæðum og sveitarfélögum árin 1995–2000 eftir íbúafjölda þeirra. Síðan fjallaði hann um starfsreglur nefndarinnar og stefnumótun. Tillögur hennar eru í tíu tölulíðum, 1) að byggðamál, sveitarstjórnarmál, skipulags- og byggingarmál verði sameinuð í eitt ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála, 2) að samkeppnisgeta höfuðborgarsvæðisins gagnvart útlöndum verði tryggð þannig að þar geti þróast öflugt alþjóðlegt atvinnu- og efnahagssumhverfi, 3) markvisst verði unnið að því að byggja upp tvö til þrjú öflug kjarnasvæði sem valkost við höfuðborgarsvæðið, s.s. á Eyjafjarðarsvæðinu, Vestfjörðum og Mið-Austurlandi, 4) markvisst verði unnið á næstu átta árum að því að fækka sveitarfélögunum í 40–50 með frjálstri sameiningu, 5) samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga verði fækkað, s.s. í málefnum fatlaðra, heilbrigðisþjónustu, framhaldsskólum, tónlistarnámi og í húsnæðismálum, 6) að allir íbúar landsins eigi greiðan aðgang að rafrænum samskiptum og sitji við sama borð hvað varðar gjaldskrá á þessu sviði, 7) flutningskerfi raforku verði einfalt og ódýrt og tryggð samkeppni í raforkusölu um land allt, 8) fjárveitingar til samgöngumála verði auknar, 9) rekstur og lánastarfsemi opinberra sjóða verði sameinuð í einn deildaskiptan sjóð sem veiti fjármagn til ráðgjafar og hlutafjárþátttöku og markí

ákveðna stefnu um uppbyggingu ákveðinna atvinnuþátta og 10) að gerð verði athugun á því hvort og þá hvernig megi beita sköttum til að hafa áhrif á byggðarþróun. Sigurgeir taldi mikilvægasta atriði tillagnanna felast í 3. tölulið, um uppbyggingu þriggja kjarnasvæða byggðar í landinu. Loks gerði hann grein fyrir rannsóknarverkefni sem Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða hafði unnið að á sl. ári og kallaði Börnin heim.

Umræður

Í almennum umræðum um byggðamál tók fyrstur til máls **Jóhann Geirdal** og tók undir orð Reinhards um gagnsleysi aðgerða í byggðamálum, kvað aðgerðir stjórnvalda líkastar hálfum lyfjaskammti handa sjúklingi. **Elín Líndal** bar upp tillögu til breytingar á 10. tölulið tillagna byggðanefndar svofellða:

Skorað er á ríkisstjórnina að skipa nú þegar nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um hvernig skuli beita sköttum til að hafa áhrif á byggðarþróun. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar ríkis og sveitarfélaga.

Elín kvað tillöguna borna upp fyrir hönd stjórnar Samtaka sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra (SSNV) og vísaði í greinargerð með tillögunni í ályktun stjórnar um aðgerðir í byggðamálum.

Valtýr Valtýsson kynnti ályktun síðasta aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga þar sem hafnað er tillögu byggðanefndarinnar um sameiningu með lögboði. Hann tók undir þá skoðun og ræddi að auki skipulag raforkumála.

Guðný Sverrisdóttir tók undir orð tveggja síðustu ræðumanna þess efnis að rétt væri að nema brott úr tillögum byggðanefndarinnar tillögu um sameiningu með lögum. Hún lagði til að hlutlausir aðilar væru fengnir til þess að meta hver árangur og fjárhagslegur ávinningur hefði orðið af sameiningu til þessa borið saman við þau markmið sem sett hefðu verið með sameiningunni.

Óli Jón Gunnarsson kynnti breytingartillögu við 4. tölulið tillagna byggðanefndar þess efnis að þar sem stendur „á næstu átta árum“ standi „á næsta kjörtímabili“. Meðflutningsmenn að tillögunni voru Gunnar Sigurðsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Ríkhart Brynjólfsson og Inga Sigurðardóttir. Óli Jón lagði áherslu á sameiningu sem þátt í byggðastefnu og taldi átta ár of langan tíma til frjálsrar sameiningar, eins og tillagan ber með sér. Hann gerði einnig athugasemd við tillöguna um þrjú kjarnasvæði og spurði hvað verða eigi um byggðarlög utan þessara tilgreindu kjarnasvæða.

Gisli Gunnarsson tók undir lokaorð Óla Jóns og taldi varhugavert að gefa fólki utan „kjarnasvæða“ þá hugmynd að það eigi enga framtíð í heimabyggð sinni.

Jóhannes Sigfússon tók undir orð Gísla og nefndi sem dæmi að efling þjónustu á Akureyri megi ekki torvela lífsbaráttu íbúanna á jaðarsvæðunum. Búsetuvandann væri orðinn huglægur og sú tilfinning að búa á svæði sem stjórnvöld hafi ekki áform um að efla kunni ekki góðri lukku að stýra. Samfélagsleg jöfnun sé mikilvæg, þar mætti nefna þrífösun rafmagns – enda væri ekki rafmagn á mörgum afskekktum býlum ef arðsemissjónarmið hefðu verið látin ráða – og bættar samgöngur. Slæmar vegsamgöngur á norðausturhorni landsins geri íbúana þar að þriðja flokks þegnum. Dreifing byggðarinnar réðst á sínum tíma af nauðsyn þess að geta nýtt náttúrugæðin og hjá því verði ekki komist að nýting sauðfjárræktarsvæða sé staðbundin. Sama eigi við um sjávarafla. Þannig væri nú í þistilfirði meiri þorskur en elstu menn muna. Sveitarfélögin væru hluti af þjóðmenningunni og tilvist þeirra nauðsynleg búsetunni. Vegalengdir torveldi sameiningu sveitarfélaga. Þannig svari fjarlægðir milli endimarka Þingeyjarsýslunnar vegalengdinni milli Akureyrar og Borgarness.

Valgarður Hilmarsson tók undir ýmislegt af því er síðustu ræðumenn höfðu sagt og sagði tillögur byggðanefndar ekki mega fara frá fundinum óbreyttar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kvað umræðurnar gagnlegar en lagði til að tillögum byggðanefndar og breytingartillögunum við þær svo og öðrum ábendingum um byggðamál sem fram hefðu komið á fundinum yrði vísað til meðferðar í stjórn sambandsins og að henni lokinni verði þær lagðar fram að nýju á næsta fundi fulltrúaráðsins. Þeim yrði að því loknu vísað til næsta landsþings sambandsins sem haldið verður í september 2002.

Tillagan var samþykkt.

Sigurlaug Gissurardóttir tók til máls og fagnaði því að tillögur byggðanefndar fengju nánari umfjöllun.

Sveinn A. Sæland lýsti sig hlynntan 4. lið í tillögu byggðanefndar. Hann skýrði frá aðdraganda fjórðu atkvæðagreiðslunnar sem þá var nýafstaðin um sameiningu hreppa í uppsveitum Árnassýslu vestan Hvítár, þar sem tuttugu kjörnir hreppsnefndarmenn studdu tillögu um sameiningu sem er síðan samþykkt með góðum meiri hluta íbúanna í þremur hreppanna en felld með tíu atkvæða mun í þeim fjórða. Slíkt ferli kosti tíma, peninga og fyrirhöfn og geti orðið tafsamt að sameina sveitarfélög um land allt ef hafa eigi sama hátt á til lengdar.

Guðmundur H. Sigurðsson taldi reynsluna af sameiningu allra hreppa í Vestur-Húnavatnssýslu í Húnaþing vestra vera góða og svaraði þannig spurningu Guðnýjar Sverrisdóttur um reynsluna af sameiningu.

Ríkharð Brynjólfsson tók undir orð Guðmundar og kvað reynsluna af sameiningu í Borgarfjarðarsveit almennt góða. Sameining leysi þó ekki allan vanda. Hreppar í strjálbýli hafi leyst og leysi verkefnin heima fyrir og ekki megi gleyma mikilvægi þjónustuhlutverks strjálbýlisins við þéttbýlið, t.d. að því er varðar skólavist barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður í þéttbýli. Því sé nauðsynlegt að vel fari á með íbúum þéttbýlis og strjálbýlis.

Sigurgeir Sigurðsson svaraði fyrirspurnum og fjallaði nánar um ýmis efni sem byggðanefndin hefði tekið til meðferðar.

Málið var síðan tekið af dagskrá fundarins.

12. Ályktun um reynslusveitarfélagaverkefnið

Borin var upp og samþykkt samhljóða svofelld tillaga um reynslusveitarfélagaverkefnið:

Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að reynslusveitarfélagaverkefnið hafi verið mjög athyglisverð nýjung í íslenskrí stjórnsýslu. Í heild hefur verkefnið tekist vel. Sérstaklega er athyglisvert að tilraunir á Akureyri, Hornafirði og Vestmannaeyjum með yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra, aldraðra og heilsugæslu hafa leitt í ljós að sveitarfélögin hafa leyst þau verkefni vel af hendi. Niðurstaða úttektaraðila er sú að í þeim málaflokkum hafi náðst sá lögbundni tilgangur með tilraununum að auka sjálfstjórn sveitarfélaga; að laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, að bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera.

Innan reynslusveitarfélaganna hafa einnig átt sér stað athyglisverðar stjórnsýslutilraunir; bæði hefur verið um að ræða stjórnsýsluumbætur í tengslum við tilraunir með yfirtöku verkefna og stjórnsýslutilraunir í málaflokkum sem sveitarfélög hafa almennt með höndum. Annars vegar hefur verið um að ræða tilraunir sem hafa krafist undanþágu frá lögum með heimild í lögum um reynslusveitarfélög og hins vegar hefur þátttaka í reynslusveitarfélagaverkefninu haft þau áhrif að einstök reynslusveitarfélög hafa ráðist í ýmis umbótaverkefni sem ekki hafa krafist undanþágu frá lögum.

Þrátt fyrir að verkefnið í heild hafi tekist vel er ljóst að samvinna reynslusveitarfélaga og ráðuneyta hefði mátt vera betri. Áhugaleysi einkenndi afstöðu nokkurra ráðuneyta í byrjun þannig að ekkert varð úr tilraunum á þeirra sviði. Samningagerð um yfirtöku verkefna hefur ekki verið nægilega markviss og er slæmt til þess að vita að enn einu sinni er staðan sú nú þegar einn mánuður er til loka reynslutímabilsins að enn virðist töluvert í land með að samningar náist.

Með hliðsjón af góðri reynslu af yfirtöku reynslusveitarfélaga á verkefnum á sviði málefna fatlaðra, aldraðra og heilsugæslu telur fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga að fram eigi að fara viðræður milli sambandsins og heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyta, um það hvernig hægt sé að vinna að því að sveitarfélög, sem hafa áhuga á yfirtöku þessara málaflokka, geri það. Fulltrúarráðið leggur áherslu á að það er að sjálfsögðu forsenda fyrir yfirtöku verkefna að nægilegir fjármunir fái stöð með verkefnum til þess að unnt sé að reka viðkomandi málaflokk í samræmi við það sem lög áskilja. Einnig er nauðsynlegt að aðilar hafi samvinnu um að móta verklagsreglur um form samninga og uppbyggingu til að greiða fyrir samningsgerð.

Fulltrúaráðið er sammála því að ekki séu rök til að framlengja reynslusveitarfélagaverkefnið. Hins vegar telur fulltrúaráðið að í framtíðinni eigi að leggja mun meiri áherslu á tilrauna- og þróunarstarfsemi innan sveitarfélaga og að leggja beri áherslu á það við lagasetningu um málefni sveitarfélaga að þeim verði gert kleift að ráðast í slíkt þróunarstarf. Telur fulltrúaráðið að þegar sett eru ný lög um málefni sveitarfélaga eigi í hvert skipti að skoða hvort ekki sé mögulegt að veita sveitarfélögum heimild til að gera tilraunir í málaflokkum, sbr. t.d. ákvæði grunnskólalaga og skipulags- og byggingarlaga þar að lútandi. Fulltrúaráðið telur heimildir að sveitarfélaga til tilrauna eigi ekki að einskorðast við ákveðin sveitarfélög og sérlög heldur eigi öll sveitarfélög að geta sótt um slíkar heimildir og lagaheimildir til slíkra tilrauna að vera í þeim lögum sem fjalla um viðkomandi málaflokk.

Fulltrúarráðið telur að nýstofnað þróunarsvið sambandsins eigi að gegna veigamiklu hlutverki við að fylgjast með, miðla upplýsingum, og hvetja til tilrauna- og þróunarstarfs hjá sveitarfélögum. Jafnframt verði sett á laggirnar sérstök þróunarnefnd til að styðja þróunarsvið við að rækja þetta hlutverk, svo sem gert er ráð fyrir í starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2002.

13. Ályktun um fráveituframkvæmdir

Skarphéðinn Guðmundsson kynnti svofellda tillögu sem var borin upp og samþykkt samhljóða:

Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga telur afar mikilvægt að ríkið leggi fram meira en 20% kostnaðar við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Kostnaður þeirra sveitarfélaga sem enn eiga eftir verulegar framkvæmdir í fráveitumálum er áætlaður um 20 milljarðar kr.

Þess er krafist að sveitarfélögin ljúki tilteknum framkvæmdum í fráveitumálum fyrir árslok 2005. Fulltrúaráðið telur óraunhæft að sveitarfélögin geti lokið framkvæmdunum fyrir þann tíma. Fulltrúaráðið hvetur stjórnvöld til þess að beita sér fyrir því að sveitarfélögunum verði gefinn lengri tími til að ljúka þessum framkvæmdum.

Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

20% kostnaður er ekki nema sú upphæð sem ríkið er að fá inn í formi vsk.-greiðslna. Kostnaður fyrir hönnun fæst ekki metinn inn í kostnað. Kostnaður leggst misjafnlega á sveitarfélögin, en getur numið allt að 130.000 kr. á íbúa sem er mörgum þeirra ofviða.

14. Nefndarálit fjárhagsnefndar

Bragi Michaelsson kynnti álit fjárhagsnefndar. Það var síðan borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða, svofellt:

Fjárhagsnefnd hefur yfirfarið fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt starfsáætlun fyrir árið 2002 og rammaáætlun áráanna 2003, 2004 og 2005 og önnur fylgiskjöl.

Nú var í fyrsta skipti lögð fram greinargerð með þessum áætlunum og lýsir fjárhagsnefnd sérstakri ánægju með það.

Þar sem sífellt eru gerðar meiri kröfur um greiningu á kostnaði við ýmis verkefni og rekstur sveitarfélaga vegna hagsmunagæslu fyrir þau og sveitarfélög hafa í auknum mæli falið Launanefnd sveitarfélaga umboð til kjarasamningagerðar hafa umsvif sambandsins og launanefndar aukist. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir auknum verkefnum hag- og upplýsingasviðs og lögfræði- og kjarasviðs með ráðningu starfsmanna til að bæta þjónustu við sveitarfélögin.

Þá er í áætluninni gert ráð fyrir að sambandið leggi Staðardagskrá 2,1 til 2,4 milljónir króna á árinu 2002. Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn sambandsins fari sérstaklega yfir framkvæmd þessa verkefnis.

Fjárhagsnefnd telur rétt að huga að því að á fyrsta fulltrúaráðsfundi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar verði fjárhagsnefnd kjörin og hafi hún sama starfstíma og fulltrúaráðið, þ.e. fjögur ár. Þannig gefst nefndinni tækifæri til að yfirfara reikninga og fjárhagsáætlanir sambandsins og skila álitu sínu þar um tímanlega fyrir fulltrúaráðsfundi.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun ársins 2002 ásamt rammaáætlun fyrir árin 2003, 2004 og 2005 verði samþykkt.

15. Fundarslit

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ræddi málefni fundarins, einkum byggðamál, og þakkaði formanni byggðanefndar, Sigurgeiri Sigurðssyni, góð störf svo og öðrum nefndarmönnum. Hann ræddi sameiningu sveitarfélaga sem þátt í æskilegri byggðarþróun, kjarnasvæði og fleiri hugmyndir sem nefndin hefði sett fram. Það verður nú hlutverk stjórnar sambandsins, sagði hann, að móta þessar tillögur fyrir næsta fund fulltrúaráðsins, vinna vel og vandlega úr tillögunum og freista þess að ná breiðri samstöðu um málið.

Formaður þakkaði einnig öðrum framsögumönnum á fundinum fyrir vönduð erindi, taldi að um tímamótafund væri að ræða, mál hefðu verið lögð fram með nýjum hætti, t.d. greinargerð með fjárhagsáætlun.

Hann þakkaði ennfremur starfsfólki sambandsins góðan undirbúning fundarins, fulltrúaráðsmönnum góða fundarsetu og sagði fundinum slitið.